

Stjórnarfundur FHD 27. ágúst

Fundur haldinn að Norðlingabraut 8, fimmtudaginn 27. ágúst 2020. Fundur settur kl. 17.30 og lauk 19.30. Fundinn sátu Atli Ómarsson, Bragi Valur Egilsson, Jón Ásgeir Einarsson, Kristín Jónasdóttir og Unnur A. Unnsteinsdóttir.

Efni fundar:

Svar við erindi Dagfinns

Dagfinnur hefur kallað eftir nánari svörum við erindi sínu. Stjórn fjallaði því aftur um málið en eitthvað af spurningunum er ekki hægt að svara fyrr en búíð er að fjalla um dagskrá ársins 2021.

Þýðing á veiðiprófsreglum

Farið lauslega yfir þýðingu á regluverkinu og rætt hvert framhaldið sé, deildin hefur til 7. september til að skila inn álit

Stigagjöf til veiðimeistara

Fellur það í hlut deildanna að koma sér saman um stigagjöf til veiðimeistara. Var fjallað um málið á fundi:

- Grunnurinn í norska regluverkinu góður til að byggja á
- Lagt til smávægilegar breytingar á regluverki sem miða út frá því hversu fáir hundar eru á Íslandi
 - Keppnisflokksstigatafla haldi sér í núverandi mynd mv. íslenska regluverkið
 - 1 meistarastig eða 2 varameistarastig í stað þriggja meistarastiga í norska regluverkinu
 - Unghundur geti tekið með sér stig frá þremur 1 einkunnum í UF upp í veiðimeistara eða 1 einkunn úr alhliðaprófi
- Jón Ásgeir tekur að sér að stilla upp tillögum stjórnar

Skipun í nefndir

Stjórn skipaði í nefndir eftir innsendum umsóknum.

Endurskoðunarnefnd veiðiprófa

Þar sem deildin heldur úti prófum samkvæmt tveimur gildandi regluverkum og margir gáfu kost á sér til starfa innan nefndarinnar var ákveðið að leyfa öllum að komast að, myndi hópurinn jafnframt skipta með sér regluverkunum tveimur.

Endurskoðunarnefnd íslenskra veiðiprófsregla byggðar á norsku regluverki

Bragi Valur Egilsson

Dagfinnur Ómarsson

Haukur Reynisson

Endurskoðunarnefnd meginlandshundaprófa

Kristín Jónasdóttir

Sigrún Hulda Jónsdóttir

Unnur A. Unnsteinsdóttir

Fræðslu- og göngunefnd

Dagfinnur Ómarsson

Einar Örn Rafnsson

Jón Ásgeir Einarsson

Viðar Örn

Veiðiprófanefnd

Atli Ómarsson

Dagfinnur Ómarsson

Haukur Reynisson